

Dagskrá fyrir leik þegar lið ganga til leiks í Mjólkurbikar KSI

- 1 *Í leikjum frá og með 8-liða úrslitum:*
4 krakkar, eins klæddir, stilla sér upp fyrir framan liðin með fána **Mjólkurbikarsins** á milli sín. Krakkarnir ganga á undan byrjunarliðum og dómurum út á völlinn með fánann á milli sín og stilla sér upp fyrir framan byrjunarliðin.

AAAAAAAAAA
LIÐ A

DDD
DÓMARAR

BBBBBBBBBB
LIÐ B



ÁHORFENDUR (AÐALSTÚKA)

- 2 *Í öllum leikjum:*
þegar leikmenn hafa veifað til áhorfenda ganga leikmenn útiliðs í röð á móti dómurum og leikmönnum heimaliðs og hver leikmaður heilsar dómurum og leikmönnum í liði heimaliðs með handabandi um leið og hann gengur framhjá þeim. Síðan ganga leikmenn heimaliðs í röð til dómara og heilsa þeim með handabandi.
- 3 *Þar sem við á:*
Hlutkesti um hvort lið byrjar leikinn og á meðan yfirgefa krakkarnir leikvöllinn með fánann.

Texti fyrir vallaþul í leikjum til og með leikjum í 16-liða úrslitum:

Velkomin til leiks í Mjólkurbikarnum

KSÍ minnir á að heiðarleg framkoma utan valla sem innan leiðir af sér betri og skemmtilegri knattspyrnu. Berum virðingu fyrir öllum þátttakendum leiksins.

Munum jafnframt að knattspyrnuhreyfingin stendur sameinuð í baráttunni gegn einelti.

Texti fyrir vallaþul frá og með leikjum í 8-liða úrslitum:

Velkomin til leiks í Mjólkurbikarnum

Það eru ungir knattspyrnuíðkendur sem ganga á undan liðunum út á völlinn með fána Mjólkurbikarsins (ef við á).

KSÍ minnir á að heiðarleg framkoma utan valla sem innan leiðir af sér betri og skemmtilegri knattspyrnu. Berum virðingu fyrir öllum þátttakendum leiksins.

Munum jafnframt að knattspyrnuhreyfingin stendur sameinuð í baráttunni gegn einelti.